

**103. fundur umhverfis- og framkvæmdanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 16. mars 2021 og
hófst hann kl. 08:10.**

Fundinn sátu:

Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir varaformaður, Aðalsteinn Egill Traustason aðalmaður og Helga Dóra Kristjánsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri.

Dagskrá:

1. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir umsagnarbeiðni vegna tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál.

Umsagnarfrestur var til 11. febrúar 2020.

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis:

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0122.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni:

www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html

Lagt fram til kynningar.

2. Frumvarp um innleiðingu hringrásarhagkerfis - 2021020031

Á 1140. fundi bæjarráðs, þann 8. febrúar 2021, voru lögð fram til kynningar drög að umsögn Karls Björnssonar, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 4. febrúar 2021, um drög að breytingu á lögum vegna innleiðingar hringrásarhagkerfisins, S-11/2021. Umsagnarfrestur sambandsins var til 8. febrúar 2021, en almennur umsagnarfrestur 23. febrúar 2021.

Bæjarráð vísaði málinu til umhverfis- og framkvæmdanefndar.

Lagt fram til kynningar. Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur undir bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga um að gætt verði að aðstöðumun sveitarfélaga

varðandi úrgangsmál.

3. Ruslahreinsun á Hornströndum - 2018020088

Lagt fram erindi Gauta Geirssonar dags. 27.2.2021 vegna hreinsunar í friðlandi Hornstranda.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja styrkbeiðni um hreinsun á Hornströndum.

4. Erindi er varðar reglur um dýrahald - 2020060056

Á 98. fundi umhverfis- og framkvæmdanefndar var umhverfisfulltrúa falið að breyta reglum um búfjárhald í þéttbýli á þann hátt að 2. gr. samþykktar um fiðurfé í Fjarðabyggð verði notuð til tilsjónar við 5. gr. samþykktar um fiðurfé í Ísafjarðarbæ.

Umhverfis- og framkvæmdanefnd tekur upp fyrri bókun frá 23. júní 2020 og vísar breyttri samþykkt um dýrahald til samþykktar í bæjarstjórn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 8:30

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Steinunn Guðný Einarsdóttir

Aðalsteinn Egill Traustason

Helga Dóra Kristjánsdóttir

Helga Þuríður Magnúsdóttir